

Stjórnarfundur Leiknar haldinn í Reykjavík 19. maí 2010 kl. 13:30  
Fundarstaður: Hjá Mími, símenntun

### Fundargerð

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir, Finnur Gunnþórsson, Hulda Ólafsdóttir og Emil Björnsson. Hanna Guðlaugsdóttir frá Opna háskólanum sat hluta fundarins sem gestur.

Um er að ræða fyrsta stjórnarfund Leiknar 2010 eftir aðalfund sem haldinn var á Akureyri 20. apríl.

Dagskrá: 1. Mál: Skipan stjórnar starfsárið 2010-2011.  
2. Mál: Starfsemi Leiknar.

Í upphafi fundar kynntu fundarmenn stuttlega aðkomu sína að fullorðinsfræðslu og símenntun.

1. Mál: Skipan stjórnar starfsárið 2010-2011

Tillaga um skiptan stjórnar: Hulda varaformaður, Halldóra gjaldkeri, Emil ritari og Finnur meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða.

2. Mál: Starfsemi Leiknar

Inga Dóra ræddi hlutverk Leiknar varðandi sí- og endurmenntun í ljósi þjóðfélagsbreytinga. Fram kom að mikilvægt er að Leikn kynni vel sitt hlutverk í samfélaginu m.a. gagnvart fagfélögum og stjórnáráðgjöfum. Einnig að sinna vel starfinu inn á við, reyna að styrkja og styðja vel við bakið á þeirri starfsemi sem þegar er í gangi og þeim starfsmönnum sem þar starfa.

Þá er mikilvægt að vera vakandi gagnvart breytingum sem ný lög um framhaldsfræðslu hafa í för með sér og gera Leikn gildandi í umræðu um þau mál. Fram kom að formaður Leiknar og formaður Kvasis eru boðaðir á fund í menntamálaráðuneytinu á næstu dögum til að ræða fjárlagatillögum fyrir 2011.

Mótun starfsins næstu mánuði. Stefnt verður að reglulegum fundum stjórnar og jafnframt samþykkt að boða varamenn í stjórn á fundina.

Gögn af málstofum af aðalfundi. Búið er að koma viðkomandi upplýsingum á aðgengilegt form. Rætt hvornig best verður unnið með þessar upplýsingar. Ákveðið var á aðalfundinum að vísa tillögnum til stjórnar og stefnir stjórn að því að koma þeim á framfæri við hagsmunaaðila. Búin verði til mappa á innri vef Leiknar þar sem gögnin verða birt. Jafnframt mun stjórn velja ákveðin viðfangsefni til að vinna sérstaklega að.

Rætt um vef Leiknar og verða skoðaðar leiðir til að nýta hann meira og betur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.

Inga Dóra Halldórsdóttir (sign.)

Hulda Ólafsdóttir (sign.)

Emil Björnsson (sign.)

Finnur Gunnþórsson (sign.)